



Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. september 2024  
MSS24080076

## Samþykkt íbúaráðs Breiðholts um uppsetningu loftgæðamæla í hverfinu

Á fundi íbúaráðs Breiðholts þann 11. september 2024, lagði íbúaráð Breiðholts fram svohljóðandi tillögu og samþykkti, sbr. 2. liður fundargerðar sama dag:

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að koma fyrir færanlegum loftgæðamæli sem yrði staðsettur í Breiðholti, fjölmennasta hverfi borgarinnar og loftgæði yrðu fyrst vöktuð við Íþróttamannvirki ÍR við Suður Mjódd og heimili eldra fólks við Árskóga

Tillögunni fylgir greinagerð. MSS24080076  
Samþykkt.

Íbúaráð Breiðholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Breiðholts telur mikilvægt að koma fyrir færanlegum loftgæðamæli sem yrði staðsettur í fjölmennasta hverfi borgarinnar þar sem loftgæði yrðu vöktuð við Íþróttamannvirki ÍR við Suður Mjódd og heimili eldra fólks við Árskóga. Tíu ár eru liðin síðan loftgæði voru mæld í hverfinu þá við þrjá leikskóla. Síðan þá hefur bæði borgarbum og ökutækjum fjölgað mikið á umræddu tímabili. Telur ráðið brýnt að hefja reglubundna vöktun loftgæða í hverfinu enda hefur svifryk sláandi áhrif og afleiðingar fyrir heilsu fólks, sérstaklega barna, eldra fólks og fólks með undirliggjandi sjúkdóma. Íþróttasvæðið liggur á milli tveggja þungra stofnbrauta, mikil uppbygging við Álfabakka kallar á aukna umferð og vill íbúaráðið að loftgæðin verði mæld þar fyrst áður en mælirinn verði færður og staðsettur annarstaðar í hverfinu.

Þessu er hér með komið á framfæri og þess óskað að umhverfis og skipulagsráð taki samþykktina til meðferðar.

Virðingarfyllst,  
Heimir Snær Guðmundsson  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*  
*Miðlæg stjórnsýsla*  
*Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar*

Hjálagt: Tillaga íbúaráðs Breiðholts



Reykjavík, 21. ágúst 2024

MSS24080076

## TILLAGA

### Tillaga íbúaráðs Breiðholts um fá loftgæðamæli staðsettan í hverfið sem fyrst

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að koma fyrir færanlegum loftgæðamæli sem yrði staðsettur í Breiðholti, fjölmennasta hverfi borgarinnar og loftgæði yrðu fyrst vöktuð við Íþróttamannvirki ÍR við Suður Mjódd og heimili eldra fólks við Árskóga.

Greinagerð:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. febrúar 2024 var lögð fram tillaga íbúaráðs Breiðholts um að kannaður yrði fýsileiki þess að kaupa og reka færanlegan loftgæðamæli í Breiðholti. Tillögunni var vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits er lagt til að Íbúaráð Breiðholts óski eftir því að loftgæði verði mæld í hverfinu með öðrum af tveimur færanlegum stöðvum sem eftirlitið hefur umsjá yfir. Íbúaráð Breiðholts er hugsí yfir umsögn eftirlitsins því vöktun loftgæða innan hverfanna er mikilvæg fyrir þau svæði sem mælingin á sér stað á og því er brýnt að keyptur verði annar mælir til viðbótar við hina tvo til að mæla loftgæði í hverfinu. Þess vegna lagði íbúaráðið áherslu á að kanna möguleikann á kaupa þriðja vöktunarmælinn sem staddur yrði í austurborginni, í Breiðholti, einmitt til að mæla loftgæði í fjölmennasta hverfi borgarinnar en tíu ár eru liðin síðan loftgæði voru mæld í hverfinu þá við þrenna leikskóla. Síðan þá hefur bæði borgarbúum og ökutækjum fjölgað mikið á umræddu tímabili. Telur ráðið brýnt að hefja reglubundna vöktun loftgæða í hverfinu enda hefur svifryk sláandi áhrif og afleiðingar fyrir heilsu fólks, sérstaklega barna, eldra fólks og fólks með undirliggjandi sjúkdóma. Íþróttasvæðið liggur á milli tveggja þungra stofnbrauta, mikil uppbygging við Álfabakka kallar á aukna umferð og vill Íbúaráðið að loftgæðin verði mæld þar fyrst áður en mælirinn verði færður og staðsettur annarstaðar í hverfinu.



Reykjavík

